

# Flokkun á sorp- og flokkunarsvæði hætt um sinn

.



**Vegna COVID-19 var tekin ný ákvörðun um móttöku til endurvinnslu og meðhöndlun sorps. Vakin er athygli á þetta er tímabundið meðan veirufaraldurinn gengur yfir.**

Lokað verður fyrir flokkun úrgangs á sorpsvæði Reykhóla samkvæmt sviðmynd D neyðarstigs.

Þar segir:

- Flokkun á heimilis- og rekstrarúrgangi á móttökustöðvum hætt ef mögulegt er.
- Flokkaður úrgangur er berst á móttökustöðvar skal geymdur í tvær vikur áður en hann er meðhöndlaður.
- Þar sem rekstraraðilar hafa ekki möguleika á að geyma flokkaðan úrgang skal hann settur í urðun.

**Íbúum er bent á að þeir geta flokkað sjálfir heima fyrir ef aðstaða er fyrir hendi. Annars fari allt sorp í almenna sorpgáma.**

Gætum ávalt fyllsta hreinlætis.

Sveitarstjóri